

UPPHAFSMENN

Sophus J. Nielsen var verslunarstjóri í Hæstakaupstaðarverslun á Ísafirði á árunum 1884-1895. Þá var sú verslun í eigu H.A. Clausens, sem rak útgerð og verslanir á fimm stöðum á landinu, með aðalstöðvar í Kaupmannahöfn. Sophus fæddist í Danmörku en fluttist til Ísafjarðar 18 ára gamall og stundaði verslunarstörf í Hæstakaupstað og síðar í eigin verslun. Sophus var vel metinn borgari í kaupstaðnum, sat í niðurrjöfnunarnefnd, var bæjargjaldkeri og kirkjuhaldari. Síðast starfaði hann sem bókarí í útibúi Landsbankans á Ísafirði sem opnað var 1904.

Sophus var tvígiftur og átti alls 23 börn með sjö konum, en mörg þeirra dóu í bernsku. Þegar Sophus tók þátt í vélævintýrinu með Stanley árið 1902 var hann orðinn roskinn maður, 59 ára, reyndur í útgerð og verslun.

Árni Gíslason félagi hans var þaulvanur sjómaður, sem hafði stundað fiskveiðar um árabil og verið formaður á báti frá 18 ára aldri. Hann átti eftir að koma að mörgum framfaramálum í útgerðinni á Ísafirði. Árni var virðingamaður Vélbátaábyrgðafélags Ísfirðinga frá 1903 og tveimur árum síðar tók hann þátt í að kaupa Elliða, sem var fyrsta vélknúna síldveiðiskip Ísfirðinga. Elliði var jafnframt fyrst skipa hér um slóðir til að stunda síldveiðar í reknet. Árni var einn af stofnendum Íshúsfélags Ísfirðinga árið 1912 og varð yfirfiskmatsmaður Vesturlandsumdæmis það sama ár. Árni segir frá því í endurminningum sínum, Gullkistunni, að hann hafi hrifist af litlum vélbátum sem danskir kolaveiðimenn notuðu á Öfundarfirði um aldamótin 1900. Var það í fyrsta sinn sem hann sá vélbát hér við land, og í raun upphafið af vélbátaævintýri Íslendinga.

Sigfús H. Bjarnason varð fyrstur þeirra þremenninga til að panta bátsvél til Íslands, en það gerði hann þegar hann dvaldist í Kaupmannahöfn 1898-1899. Sigfús, sem var kaupmaður, rak verslun þar sem nú er Silfurgata 1, en gegndi einnig ýmsum trúnaðarstörfum. Hann var til að mynda bæjarfulltrúi á Ísafirði um 6 ára skeið og var að auki sænsk- norskur vararæðismaður.

Þegar Sigfús pantaði vélina keypti hann einnig efni í bát sem hann lét smíða heima á Ísafirði. Sá bátur, Caesar, er fyrsti sérsmíðaði vélbátur Íslendinga. Hins vegar varð töf á því að Sigfús fengi vélina afgreidda og Caesar gekk því ekki fyrir vélarafli fyrr en árið 1903.



Myndir: Skjalasafnið á Ísafirði

Ísafjörður um aldamótin 1900

Sophus J. Nielsen

Sigfús H. Bjarnason


Árni Gíslason

FYRSTA OLÍUHREYFIVJELIN

Veturinn 1898-1899 dvaldist í Kaupmannahöfn Sigfús H. Bjarnason, kaupmaður og konsúll á Ísafirði. Um það leyti voru bátamótorar mjög að ryðja sér til rúms í Danmörku og vélaverksmiðjum á borð við Dan, Alpha og Möllerup óx fiskur um hrygg. Sigfús hreyfst af þessari nýju tækni og gerði ráðstafanir til að fá vél til Íslands, auk þess sem hann lét flytja til Ísafjarðar efni í bát. En það urðu tafir á því að Sigfús fengi vélina afgreidda, og í millitíðinni voru fleiri farnir að hugsa sér til hreyfings. Þeirra á meðal voru þeir Árni Gíslason og Sophus J. Nielsen, sem saman áttu sexæringinn Stanley. Svo háttaði til að bróðir Sophusar var verkstjóri hjá C. Möllerup mótiverksmiðjunum í Esbjerg í Danmörku. Skrifuðust þeir bræður oft á og bar bátavélar þá vjtaskuld stundum á góma. Upp úr þessum bréfaskiptum varð það að samkomulagi að prófa að flytja inn litla bátavél til Íslands.

Vélin kom til Ísafjarðar með strandferðaskipinu Vestu þann 5. nóvember 1902. Hún var tveggja hestafla „ og eyðir 2 pd. steinolíu um klukkustundina og kostar því 20-30 aura um tímann. Hún hreyfir jafnt aftur á bak sem áfram, og það má láta hana hafa svo lítinn krapt sem vill og er því laf-hægt að lenda bátnum og stöðva hann hvenær sem er.“ Kostaði hún 900 kr. í sett. Var nú tekið til við að gera nauðsynlegar breytingar á Stanley til að koma mætti vélinni fyrir. Nutu bátseigendur aðstoðar ungs Dana, Jens Hansen Jessen, sem Möllerup verksmiðjan hafði sent til Íslands til að aðstoða við ísetningu vélarinnar og kenna meðferð hennar. Þegar vélinni hafði verið komið fyrir var hún reynd á landi og gekk vel. Þó hafði gleymst að senda koppafeiti með henni til landsins og var það ráð tekið að slátra hesti og nota makkafeiti stað koppafeiti. Þótti þetta ráð gefast ágætlega.

Fyrsta ferð Stanleys fyrir vélarafli var farin 25. nóvember 1902. Hún tókst í alla staði vel og gekk báturinn álíka hratt og sex menn gátu róið. Hóf Árni Gíslason þegar að halda bátnum til vejða. Fáum dögum síðar var fjallað um Stanley og vélina í blaðinu Vestra á Ísafirði: „29. þ.m. fór Á. Gíslason á sjó til fiskiveiða og reyndist vjelin mjög þægileg. Hann hefir nú aðra olíu til brennslu en fyrst og gengur báturinn miklu betur með henni og hefur nú góðan gang. Vjer óskum eigendunum til hamingju með þetta nýja fyrirtæki þeirra, og eiga þeir þakkir skilið fyrir að hafa orðið fyrstir til að leggja út í áhættuna og reyna þessa nýng. Gefist þessi fyrsta hreyfivjel vel, sem vjer efustum ekki um, er óhætt að gera ráð fyrir að margar fleiri komi á eptir.“



Myndir: Skjalasafnið á Ísafirði

VÉLSMIÐJA J.H. JESSEN

Eftir að Jens Hansen Jessen hafði lokið við að koma vélinni fyrir í Stanley haustið 1902 sneri hann aftur til síns heima í Danmörku. Hann kom til Ísafjarðar á ný sumarið eftir til að sjónna fleiri verkefnum og fór svo að hann settist að á staðnum. Eflaust hefur Jessen eygt góða atvinnumöguleika á Ísafirði, enda gekk vélvæðing flotans hratt fyrir sig og enginn vélfræðingur var í bænum, er gæti séð um að setja niður vélar eða annast viðhald á þeim. Vorið 1904 stofnsetti hann Vélaverkstæði J.H. Jessen, hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi og naut til þess stuðnings ýmissa útgerðarmanna á staðnum.

Jessen reyndist góður vélsmiður og lipurmenni og fékk því strax mikil viðskipti. Vélsmiðja hans bætti úr brýnni þörf á viðgerðarþjónustu fyrir vaxandi vélbátaútgerð, en hún var jafnframt og ekki síður upphaf innlendra þekkingar í vélfræði. Fram til þess tíma var ekki um að ræða neina vélfræðimenntun hér á landi aðra en þá, sem hver og einn varð sér úti um sjálfur. Með stofnun Vélsmiðju J.H. Jessen var lagður grunnur að kennslu á þessu sviði og er alveg ljóst, að hún hefir haft ómæld áhrif á uppbyggingu þessarar atvinnugreinar hér á landi. Þar hófu starfsferil sinn margir, sem síðar gátu sér góðan orðstýr sem vélsmiðir og vélstjórar og virðist alveg einsýnt, að um Jessen hafi safnast einstaklega samstilltur og áhugasamur hópur ungra manna, víðsvegar að af landinu, til að tileinka sér þekkingu hans og reynslu á sviði vélfræði. Í þessum hópi voru menn, sem áttu eftir að standa fremstir í flokki við tækniuppbyggingu sjávarútvegsins þegar vélaöldin hóf þar innreið sína.

Þessi hópur dreifðist síðan víða um land, eins og eðlilegt er. Margir þeirra fóru í Vélskóla Íslands, þegar hann tók til starfa, og urðu vélstjórar á fiski- og flutningaskipum. Tveir af nemendum Jessens, þeir Gísli Jónsson, síðar alþingismaður, og Hallgrímur Jónsson, síðar yfirvélstjóri hjá Eimskip, áttu einmitt drýgstan þátt í að Vélskólinn var stofnaður árið 1915. Settust þeir báðir í 2. bekk skólans og luku þaðan prófi vorið 1916, tveir af þremur fyrstu nemendum þeirrar nýju stofnunar. Hinir voru einnig margir, sem tóku að sér þjónustu við flotann og sáu um að halda honum gangandi í áraraðir. Þessara manna er óvída getið í rituðum heimildum, þeir unnu störf sín í kyrrþey, en hlutur þeirra er stór í útgerðarsögunni og undantekningalaust virðast þeir hafa búið yfir ótrúlegri verkþekkingu.

Vélsmiðja J.H. Jessen er tvímælaust eitt merkasta fyrirtækið sem stofnað var á Ísafirði á þessum árum. Hún var fyrsta vélsmiðjan á landinu og hlaut því að hafa veruleg áhrif á mótun hinnar nýju starfsgreinar og viðhorf manna til hennar.



Myndir: Skjalasafnið á Ísafirði

Starfsmenn vélsmiðju J. H. Jessen árið 1908

F. v.: Óskar Sigurgeirsson, Þórður Þórðarson, A. Nyberg, F. Nilsen, J.H. Jessen, Gísli Jónsson, Ingvar Gunnlaugsson, Þorsteinn Thorsteinsson, Hinrik Hjaltason, Jón Þorbergsson, Guðbrandur Jakobsson og Alfred Jessen.


GESTUR FRÁ VIGUR

Vélvæðing íslenska bátaflotans var í upphafi að mestu fólgin í því að vélum var komið fyrir í róðrabátum. Þó voru dæmi um sérsníðaða vélbáta og er Caesar, bátur Sigfúsar H. Bjarnasonar, fyrstur slíkra en hann er nú glataður. Annar merkur bátur í þessari sögu er Gestur frá Vigur, sem er elsti sérsníðaði vélbátur sem varðveist hefur hér á landi.

Gestur var smíðaður árið 1906 af Guðmundi Sigurðssyni, bátasmið í Súðavík. Það var séra Sigurður Stefánsson í Vigur sem hafði forgöngu um smíði bátsins enda mikill áhugamaður um allt sem að sjávarútvegi laut. Gestur var alla tíð gerður út frá Vigur, lengst af undir formennsku Bjarna, sonar séra Sigurðar. Bátinum var ekki aðeins haldið til fiskveiða, heldur var hann notaður til allra þarfa og starfa hvort sem það voru aðdrættir fyrir búið, fjárflutningar eða annað. Hann var því þarfasti þjónn þeirra Vigurbænda.

Sumarið 1988 tók Byggðasafn Vestfjarða Gest til varðveislu og hafði hann til sýnis á safnsvæðinu í Neðstakaupstað.

Síðastliðinn vetur var báturinn svo fluttur til Bolungarvíkur þar sem þeir völuðarsmiðir Ragnar Jakobsson frá Reykjavíri og Guðmundur Óli Kristinsson frá Dröngum hafa hafið á honum umfangsmikla viðgerð og endurbyggingu. Er að því stefnt að Gestur verði orðinn haffær sumarið 2003.



Heimildir:
Jón P. Þór: Saga Ísafjarða 1. - 4. Bindi
Jón Páll Halldórsson: Ársrit Sögufélags Ísafirðinga 1985
Vestri: 1902 - 3

Myndir: Skjalasafnið á Ísafirði

Kvittun Helga Sveinssonar
kaupmanns á Ísafirði.

Þvottur breiddur á blei í Vigur
á síðari hluta 19. aldar.

Gestur í lendingunni í Vigur